

um till. til þál. um hlutverk Seðlabankans.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt málið á fundum sínum og sent það til umsagnar Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Stéttarsambandi bænda og Alþýðusambandi Íslands. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt tillögunnar. Enn fremur var tillagan send Efnahagsstofnuninni og Félagi ísl. iðnrekenda, en svör hafa ekki borizt frá þeim. Í bréfi L. í. Ú. segir svo:

„Samtökin hafa álitnið, að undanfarin ár hafi hvergi nærri verið séð fyrir nægjanlegu rekstrarfé til útgerðar fiskiskipa né nægjanlegu láni út á unnar sjávarafurðir, og lýsa sig því fylgjandi sérhverjum aðgerðum og tillögum, sem miða til bóta í þessu efni.

Þá viljum vér benda á, að rekstrarfjáskorturinn til útgerðar fiskiskipa hefur aldrei verið meiri en nú, einkum eftir gengisbreytinguna á s. l. hausti, og hafa rekstrarlán ekkert hækkað, þrátt fyrir eindregnar óskir samtakanna og ábendingar um mikinn kostnaðarauka við að hefja útgerð.“

Stéttarsamband bænda mælir eindregið með samþykkt tillögunnar án sérstaks rökstuðnings. En bændasamtökin hafa árum saman barizt fyrir því að fá hækkuð rekstrarlán til landbúnaðarins, en þau hafa verið óbreytt að krónutölu í nærfellt áratug, þrátt fyrir aukna framleiðslu og stórkostlega hækkun alls kostnaðar.

Alþýðusamband Íslands greinir frá könnun sinni á atvinnuástandinu í vetur og segir síðan: „Það er því augljóst mál, að nú er þess mikil og brýn þörf, að Seðlabanki Íslands gæti þjónustuhlutverks síns við atvinnulífið og beiti til þess öllum tiltækum ráðum, að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæm-astan hátt.“ Alþýðusambandið mælir eindregið með samþykkt þingsályktunartil-  
iögunnar eins og fyrr greindi.

Samkomulag fékkst ekki í allsherjarnefnd um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn er því andvígur. Hann telur þá stefnu, er Seðlabankinn fylgir í lánamálum atvinnuveganna, í ósamræmi við gildandi lagaákvæði um hlutverk bankans. — Þegar nú enn fremur atvinnu-  
ástand fer versnandi, atvinnuvegirnir berjast í bökkum og atvinnuleysis gætir í sum-  
um starfsgreinum, þá telur minni hluti allsherjarnefndar eðlilegt, að Alþingi taki af-  
stöðu til málsins, og leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Jónas Árnason.

Gísli Guðmundsson.